

Eins og veðurguðir lesi handritið

„Í liðinni viku tóku kvikmyndagerðarmenn að safnast saman í snjóþungum Siglufirði og hófu þar tækur á Ófærð, viðamestu framhaldspáttaröð sem gerð hefur verið hér á landi fyrir sjónvarp. Áður munu tækur hafa farið fram í Reykjavík og nágrenni fyrir jóla en samkvæmt upplýsingum frá framleiðslufyrirtækinu, RVK Studios, eru tøkudagar um 85. Gerðir verða tíu tæplega klukkustundarlangir þættir og mun kostnaður við verkið nema um milljarði króna.“ Þannig hefst viðtal í Morgunblaðinu í dag, nánar tiltekið við við Sigurjón Kjartansson.

Og áfram: „Fjórir leikstjórar stjórna upptökum, þeir Baltasar Kormákur, Baldvin Z., Óskar Axelsson og Börkur Sigbórsson, en með aðalhlutverkin fara Ólafur Darri Ólafsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson. Handritið skrifa Sigurjón Kjartansson, Clive Bradley, Ólafur Egilsson og Jóhann Ávar Grímsson en Sigurjón er í veigamiklu hlutverki við þáttagerðina, er það sem kallast „showrunner“, maðurinn með yfirsýnina á vettvangi.

Margir koma við sögu

„Jú, það gengur mikið á,“ segir Sigurjón þegar hann er ónáðaður á tøkustað. Um sjötíu tæknimenn og leikarar eru komnir til Siglufjarðar en milli fjörutíu og fimmtíu leikarar koma við sögu í þáttunum.

„Hlutverkin skipta tugum. Þetta er tíu þátta sería þannig að margir koma við sögu, þó þetta gerist í litlum bæ. Segja má að í heildarsamhenginu sé lítið hlutverk í þessari seríu nokkuð stærra en ef það væri í bíómynd. Allt í allt er þessi sería yfir 500 mínútur að lengd; þó að hlutverk sé ekki stórt þá er það samt stórt,“ segir hann og hlær.

„Útisenur eru teknar á Siglufirði og líka á Seyðisfirði en innisenur tökum við í Reykjavík að mestu. Við sjáum fram á að vera hér út mars. Við förum til Seyðisfjarðar í millitíðinni. Smá angi er eyrnamerktur þeim bæ, tengist ferjunni og höfninni.“

– Er nægilega mikil ófærð?

„Það er svo sannarlega mjög mikil ófærð núna. Allt sem við þurfum er hér núna. Við höfum fengið allt sem við þurfum. Blindbyl, skafrenning, snjókomu og slyddu. Í dag erum við að taka senu þar sem verið er að búa til snjókarl og það er ekta sjókarlaveður. Það er eins og veðurguðirnir hafi lesið handritið.“

– Er þetta sakamálasaga?

„Já, þetta er krimmi. Glæpur er framinn og hver er sá seki? Við erum líka að kafa dýpra, inn í kvikuna á samfélagi sem er að einherju leyti smækkuð mynd af samfélaginu sem við búum öll í... Sagan er líka að einhverju leyti pólitísk. Glæpahöfundar segja stundum að besta leiðin til að spegla samfélag sé í gegnum glæp, því glæpur afhjúpar það sem aflaga hefur farið.“

Allir saman í hljómsveitinni

Þegar Sigurjón er spurður að því hvort tökum mótist mikið af því að fjórir leikstjórar koma að verkinu, segir hann verkinu stýrt þannig að samhengi sé í verki hvers og eins.

„Einn leikstjórinn er oft víða út um heim að gera allskonar myndir,“ segir hann og vísar í störf Baltasars Kormáks. „Hann er búinn að vera hérna í einn dag og svo kemur hann aftur til að klára sína þætti. Allir eru að gera sitt og við tökum tillit til ýmiskonar aðstæðna.““



Úr einni tókunni á miðvikudag seinnipartinn.

Eins og veðurguðir lesi handritið

• Um stjórna mána vinnu við tókur á sjónvarpsáttaröðinni Ófærð á Siglufirni • „Það er svo samarslega mjög mikil ófærð mína,“ segir Sigurðin Kjartansson • Þjátr leikstjórn koma að verkunni

Stjórnleikstjórnir Kjartansson er einmitt á Siglufirni. „Þetta er veðurguðir“ segir hann. „Þetta er samarslega mjög mikil ófærð mína.“ Kjartansson segir að hann sé mjög sáttur með úrslitum og að hann sé mjög sáttur með úrslitum.

„Þetta er samarslega mjög mikil ófærð mína.“ Kjartansson segir að hann sé mjög sáttur með úrslitum og að hann sé mjög sáttur með úrslitum.

„Þetta er samarslega mjög mikil ófærð mína.“ Kjartansson segir að hann sé mjög sáttur með úrslitum og að hann sé mjög sáttur með úrslitum.

„Þetta er samarslega mjög mikil ófærð mína.“ Kjartansson segir að hann sé mjög sáttur með úrslitum og að hann sé mjög sáttur með úrslitum.

Viðtalið í Morgunblaðinu í dag.

Ljósmyndir: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.
Texti: Einar Falur Ingólfsson | efi@mbli.is / Sigurður Ægisson | sae@sae.is.